



LANDSSAMTÖK
SKÓGAREIGENDA

117. stjórnarfundur haldinn í Bændahöllinni 17. jan 2018. Kl 10.00

Mætt voru:

Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður,
María Elínborg Ingvadóttir,
Hraundís Guðmundsdóttir,
Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir,
Sighvatur Jón Þórarinnsson (í fjarfundabúnaði frá Höfða, Vestfjörðum, Skype),
Hrönn Guðmundsdóttir (yfirgaf fundinn í hádeginu)
Hlynur Gauti Sigurðsson ritaði fundargerð.

Starfsmannamál

- Breytingar á prókúru frá fráfarandi framkvæmdastjóra, Hrönn Guðmundsdóttir, til nýs framkvæmdastjóra, Hlyns Gauta Sigurðssonar. Allir samþykkir. Hrönn og Hlynur ganga frá því.
- Síamál. Nýr framkvæmdastjóri sækir um nýtt símanúmer hjá Símanum. Fráfarandi framkvæmdastjóri heldur gamla númerinu. Hrönn fer í málið.
- Tölvumál. Nýr framkvæmdastjóri (Hlynur) mun notast við aðra tölvu en þá sem LSE hefur til eigna.
- Skrifstofuaðstaða. Í Bændahöllinni er ekki laust sem stendur, en þar er æskilegasti kostur fyrir skrifstofu. Hlynur ætlar að leita að öðru skrifstofuhúsnæði til bráðabirgða.
- Akstur og dagpeningar.
 - Akstur. Jóhann ætlar að kanna taxta hjá bílaleigum og gera samning ef hentar. Notkun eftir þörfum. Akstur á Selfoss á „aðlögunartíma“ framkvæmdastjóra verður samið um milli Jóa og Hlyns á eftir.
 - Ýmist verða greiddir dagpeningar eða greiddir reikningar. Ákveðið hverju sinni.

Fundarform

Hlynur leggur fram tæknivæddara fundarform. Hugmynd um að hver stjórnarmaður fái spjaldtölvu og að stjórnarfundir fari yfir í Skype fjarfundarbúnað eða annað álíka forrit. Með þessu sparast ferðakostnaður og af verður væntanlega tímasparnaður. Spjaldtölvan myndi einnig nýtast sem skjalageymsla fyrir stjórnarmann. Fundir með hefðbundnu sniði yrðu þó ekki lagðir af, heldur væri þetta viðbót og val stjórnar hverju sinni.

Niðurstaða: Hlynur athugar með kaup á spjaldtölvum, forritum og leyfi.

Heimasíðan skogarbondi.is

- Kanna eignarhald á léninu skogarbondi.is. Hraundís segir lénið vera á okkar nafni. Sjá betur á þessari heimasíðu og skrá inn skogarbondi.is. <https://www.isnic.is>
- Hlynur kynnti gróflega eplica hjá Hugsmiðjunni og fór yfir mögulega hýsingu á heimasíðu LSE (skogarbondi.is) hjá þeim. Það er ekki tímabært að velta því fyrir sér á þessum tímapunkti, kannski síðar. Áfram verður stuðst við VIX hýsinguna.
- Hlynur fór yfir helstu breytingar, sem þegar eru sýnilegar á vefsíðunni, sem og það sem koma skal. Öllum leist vel á og heldur hann áfram þeirri vinnu.

Drög að girðingareglum Skógræktarinnar

Skógræktin lagði fram nýjar girðingareglur. LSE hefur þær til umsagnar og boðið að gera athugasemdir við þær á næsta samráðsfundi með Skógræktinni. Drög Skógræktarinnar hafa verið send formönnum aðildarfélaganna til umsagnar.

Bergþóra, formaður á Vesturlandi, svaraði fyrir fund:

Tillögur girðingareglna:

Miðað við allt of lágt fjárframlag til skógræktar list okkur ágætlega á tillögur Skógræktarinnar. Plöntuúthlutun til skógarbænda hefur í mörg ár verið langt undir áætlunum og því margir hektarar girtir og tilbúnir til gróðursetninga.

Okkur þykir því mikilvægt að nýta þá fjárfestingu sem þegar hefur verið lögð í girðingar og setja í forgang að gróðursetja innan þeirra.

Það er gleðilegt að umsóknum um nýskógrækt fjölgi en miðað við stöðu mála finnst okkur eðlilegt að nýir aðilar, þurfi líka að bíða eftir að fá fullgreitt fyrir girðingarnar.

Mikilvægast er að finna leiðir til að nýta fjármagnið sem best.

Í framhaldinu voru tvær tillögur ræddar á fundinum.

Tillaga 1: Efniskostnaður, (ekki vinna) við girðingu er greiddur að fullu eftir að girðing er komin upp en vinnuliðurinn greiddur í áföngum eftir framvindu gróðursetningar, miðað við hektara.

Tillaga 2: Allur kostnaður er greiddur út þegar girðingin er komin upp. Það myndi væntanlega þýða að skemmri tíma tæki að fullgróðursetja innan þegar uppsettra girðinga og er það bæði gott fyrir slit/endingartíma á girðingu og fyrir skógrækt hvernar jarðar. Að sama skapi yrðu þeir sem ekki eiga afgirt land, að bíða lengur.

Eins og fram kemur í athugasemd formannsins á Vesturlandi, er það hins vegar tilgangslaust að verja stórum fjárhæðum í að girða af land, sem ekki verður hægt að gróðursetja í, fyrr en meira fjármagn fæst til trjáplöntukaupa.

Bókhald

Bókhaldsþjónusta LSE er keypt af KPMG. KPMG hefur unnið vel fyrir félagið, en verðmiðinn hefur þótt full hár.

Hlynur og María vinna í málinu, sem verður rætt á næsta fundi.

Önnur mál

Finnlandsferð

Jötunvélar bjóða upp á ferð til Finnlands fyrir 30 manns til að skoða skógartæki. Skógarbændur eru hvattir sérstaklega til að fara.

Ógreidd framlög vegna framkvæmda

Skógræktin hefur enn ekki greitt nokkur framlög til skógarbænda á Vesturlandi og Suðurlandi. Stjórn LSE lítur þetta alvarlegum augum og telur algjörlega óásættanlegt. Jóhann og Hlynur ætla á fund skógræktarstjóra og fara yfir málið. Einnig ætlar Hlynur að skrifa frétt um þetta á heimasíðu LSE. Þetta er forkastanlegt.

Kennsla í grunnskólum

Áhugi er á að efla skógarkunnáttu landsmanna á öllum aldursskeiðum. Vilji er meðal LSE stjórnar að vinna með Ólafi Oddssyni hjá Skógræktinni að því efla þetta enn frekar.

Erindi Félags skógarbænda á Austurlandi

Umsókn um styrk vegna:

- Vinna við athugasemd við drög að skógræktarlögum
- Áhersla skógarbænda á Austurlandi

Formaður Félags skógarbænda á Austurlandi sækir um styrk til LSE vegna útlagðrar vinnu og kostnaðar Félags skógarbænda á Austurlandi, við gerð athugasemdar við frumvarp um ný skógræktarlög.

Stjórn LSE sendir inn athugasemdir og umsagnir við frumvörp er tengjast hagsmunum skógarbænda og fagnar því, þegar félögin gera það einnig, það sýnir styrk og samstöðu skógarbænda.

Þegar félögin hafa sent inn athugasemdir og umsagnir, hafa stjórnir félaganna unnið það verk. Stjórn LSE sér hvorki ástæðu til, né möguleika á að kosta þau verkefni sem stjórnirnar vinna í þágu síns félags.

Það sama má segja um önnur verk félaganna, þar sem sjónarmiðum skógarbænda er komið á framfæri, til dæmis með fundum og skrifum, bæði við ráðamenn og almenning.

Stjórn LSE telur sér ekki fært að verða við styrkbeiðni Félags skógarbænda á Austurlandi.

Fyrirspurn um styrki

Sigrún spyr út í styrkjafyrirkomulag vegna úrvinnslu skógarafurða, en það er sérstakt átaksverkefni í skógrækt.

Formannafundur

Lagt er til að fundur formanna aðildarfélagana með stjórn og framkvæmdastjóra LSE, verði miðvikudaginn 7. febrúar í Bændahöllinni kl. 11:00

Ekki fleira gert og fundi slitið kl 16:00
Það var farið að snjóa.